



Séra Ólafur

ásamt systurum sínum Valgerði og Níelsínu.

Dætur séra Ólafs

og Ingibjargar: Ásta, Kristín og Guðrún.



Séra Ólafur

og eiginkona hans, Ingibjörg Pálsdóttir Mathiesen (1855-1929).

ÍSLENSK ÆTTARSAGA:

GÁFUMANNAÆTT FRÁ HJARÐARHOLTNI

Prestar gegndu mikilvægu hlutverki í íslenska bændapjóðfélaginu allt fram á þessa öld. Þeir voru hið miðlæga í hverju sveitarfélagi og gátu haldið um alla þræði trúarlífs, menntunar og félagslífs – ef þeir vildu. Sumir voru að vísu svokallaðir pokaprestar en aðrir sannkallaðir menntafrömuðir. Í hópi hinna síðartöldu var séra Ólafur Ólafsson sem var prestur á tveimur stöðum um og eftir síðustu aldamót, fyrst í Borgarfirði og síðan í Dölum. Hann lét sér ekki nægja að sinna skyldustörfum heldur gerði meira, hann stofnaði að eigin frumkvæði og áhuga unglingaskóla í Hjarðarholti í Dölum og kom þannig ungmennum til aukins þroska. Hans eigin börn báru föðurnum vitni. Sonur hans, Páll Ólafsson, varð brautryðjandi í íslenskri togaraútgerð og mikilvirkur athafnamaður og ein dóttir hans, Kristín Ólafsdóttir, varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka læknisprófi frá Háskóla Íslands. Mjög margir afkomendur hans í þriðja og fjórða lið eru þjóðkunnir menntamenn og stjórnálamenn og sumir allsérkennilegir gáfumenn. Má þar nefna þau Ólaf Björnsson prófessor, Þórhall Vilmundarson prófessor, dr. Jens Ó. P. Pálsson mannfræðing, Ólöfu Pálsdóttur myndhöggvara og Ólaf Ólafsson landlækni í þriðja lið og bræðurna Þorstein, Vilmund og Þor-



Synir séra Ólafs

og Ingibjargar: Jón, síðar læknir, og Páll.

Fjórir ætliðir:

Séra Ólafur Ólafsson (1860-1935) prestur ásamt dóttur sinni Guðrúnu, móður sinni Mettu Kristínu og dóttursyninu Ólafi Björnssyni, síðar prófessor.

eftir GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON



Páll Ólafur Pálsson

(1887-1971) og Hildur Stefánsdóttir kona hans (1893-1970).

vald Gylfasyni í fjórða lið. Hér verða afkomendur séra Ólafs í Hjarðarholti raktir að nokkru en þó er aðeins uppkomins fólks getið.

HUGSJÓNARÍKUR MENNTAKLERKUR

Séra Ólafur Ólafsson (1860-1935) var Hafnfirðingur að uppruna. Faðir hans var Ólafur Jónsson útvegsbóndi og kaupmaður þar, kallaður borgari, en móðir Metta Kristín Ólafsdóttir hreppstjóra í Hafnarfirði Þorvaldssonar.

Ólafur var tekinn í Reykjavíkurskóla 15 ára gamall en hætti um hríð námi þannig að hann lauk ekki stúdentsprófi fyrr en 1883, þá 23 ára gamall. Tveimur árum síðar tók hann próf úr Prestaskólanum með fyrstu einkunn. Hann fékk þá um vorid veitingu fyrir Lundi í Lundarreykjardal og um haustið kvæntist hann Ingibjörgu Pálsdóttur Mathiesen (1855-1929), prestsdóttur frá Arnarbæli. Hún var systir hins þjóðkunna klerks, séra Jens Pálssonar í Görðum á Álftanesi.

Séra Ólafur sat Lund í 16 ár en árið 1901 vígðist hann til Hjarðarholts í Dölum og sat þann stað sem prófastur til 1920 að hann lét af prestsskap. Var hann jafnan kenndur við Hjarðarholt.


Mikið var látið af Hjarðarholtsheimilinu. Þar var torfkirkja og torfbær, þegar þau séra Ólafur og Ingibjörg komu þangað, en þau létu byggja ný hús úr steini, timbri og járn, bæði kirkju og bæjarhús. Kirkjan var gerð eftir teikningu Rögnvalds Ólafssonar, fyrsta íslenska arkitektsins, og er einhver hin glæsilegasta í sveit hér á landi.

Þá lét Ólafur reisa af eigin rammleik skólahús í Hjarðarholti árið 1910 og hélt þar heimavistar skóla fyrir um 20 nemendur árlega næstu sjö árin. Klerkur taldi menntun besta veganesti út í lífið og var sjálfur skólastjóri og aðalkennari. Svo mikið orð fór af þessum skóla að ungmenni víðs vegar að sóttu hann og komust jafnan færri að en vildu. Þarna voru numin þau bóklegu fræði sem þá voru kennd í alþýðuskólum en jafnframt lögð mikil áhersla á söng.

Séra Ólafur var að ýmsu leyti sérstæður kennimaður sem fór sínar eigin leiðir. Hann hafði til dæmis þann hátt á að flétta sögum úr daglega lífinu inn í stólræður sínar og þótti sumum það ótilhlýðilegt. Hann var hagamæltur og lét eftir sig safn ljóða. Einnig fékkst hann mikið við málalíst og hafði yndi af laxveiði og hestamennsku.


Auk þess að vera prestur og skólastjóri var séra Ólafur póstmestari í Hjarðarholti og frumkvöðull í félagsmálum sveitar sinnar.

Árið 1920 lét klerkur af prestsskap og fluttust þau hjón til Reykjavíkur og bjuggu að Bjargarstíg 5. Fékkst séra Ólafur við kennslu í Kvennaskólanum og rak útgerð. Til marks um það orð sem fór af séra Ólafi, þegar hann kom til Reykja-



Stefán Pálsson

tannlæknir (1915-1969) var í stjórn Þjóðvarnarfélags Reykjavíkur.



Ingibjörg Pálsdóttir

listmálari, gift Pétri Eggerz sendiherra.



Þorbjörg Pálsdóttir

myndhöggvari, gift Andrésí Ásmundssyni lækni.



víkur, var að honum var ásamt Steingrími Arasyni kennara falið árið 1921 að rannsaka allt ásigkomulag og starfsemi Barnaskólans í Reykjavík. Þeir félagar skiluðu skýrslu þar sem fram kom að skólahúsið (Miðbæjarskólinn) rúmaði ekki helming reykvískra barna, skólatíminn væri aðeins lítið brot þess skólatíma, sem börnum væri almennt ætlaður í menningarlöndum, kennsluáhöld ónóg og ófullkomin og svo framvegis. Svo hreinskilin og opinská var skýrslan að hún kom eins og sprengja inn í hið kyrrstæða reykvíska samfélag. Kennarar skólans mótmæltu vinnubrögðum tvímenninganna og varð um hríð hálfgerð stríðsástand í skólanum. Gunnlaugur Claessen bæjarfulltrúi lét svo um mælt að það væri eins og sprengikúlu væri kastað inn í bæjarstjórnarsalinn í hvert sinn sem fundargerð skólanefndar væri til umræðu. Svo fór þó að ýmsar framúrsteffulegar hugmyndir þeirra Steingríms og séra Ólafs frá Hjarðarholti voru teknar til greina og má þar nefna sumar-skóla og kennslu með skuggamyndum og kvikmyndum.

Í þessu máli kom fram á eiginleiki sem hefur fylgt mörgum afkomendum séra Ólafs síðan; opinn hugur, hreinskiptni, afdráttarlaus afstaða og andúð gegn stöðnun.

Þau séra Ólafur Ólafsson og Ingibjörg Pálsdóttir eignuðust fimm börn, sem upp komust, og verða þau talin hér upp:

STÓRVIRKUR ATHAFNAMADUR

Páll Ólafur Ólafsson (1887-1971) var elstur. Hann las menntaskólann utan skóla hjá föður sínum og stundaði um hríð verslunarnám í Reykjavík. Hann var bókhaldari hjá hinu stóra Thomsensmagasíni í Reykjavík árin 1908 til 1909. Þá gerðist hann kaupfélagsstjóri í Búðardal en frá 1902 til 1916 rak hann jafnframt búskap á Hrappsstöðum í Laxárdal og hafði þar bústjóra fyrir sig. Páll var músíkalskur og lék vel á orgel og píanó og fékkst alla ævi við að semja tónsmíðar sem margar hafa verið gefnar út. Hann var organisti hjá föður sínum og kennari við Hjarðarholtsskóla í fjögur ár. Páll tók virkan þátt í félagsstörfum og framkvæmdum í Dalasýslu, var í hreppsnefnd Laxárdals og formaður ungmennafélagsins. Þá var hann einn af stofnendum Dýraverndunarfélagsins og stofnandi Sláturfélags Dalamanna í Búðardal og framkvæmdastjóri þess. Lét hann hætta að skera fé, einna fyrstur manna á Íslandi, en skipaði að skjóta í þess stað.

Páll fluttist til Reykjavíkur tæplega þrítugur árið 1916 og hóf þar umsvif í stórum stíl. Hann rak í sinn tvær verslanir og einnig búskap á nýbýlum sínum Laugalandi og Undralandi

fyrir utan bæinn. Fleiri jarðir átti Páll, þar á meðal fimm á Kjalarnesi.

Á árunum 1919 til 1920 fór fram umfangsmikil endurnýjun íslenska togaraflotans og hugði Páll þar gott til glóðarinnar eins og fleiri. Hann varð höfuðpaurinn í Fiskveiðahlutafélaginu Kára sem stofnað var í Reykjavík 1919 og hóf árið eftir útgerð tveggja togara, Austra og Kára Sölmundarsonar. Páll var framkvæmdastjóri félagsins til 1925 en þá hafði það flust til Viðeyjar. Þar byggði Páll staðinn upp, bæði húsakost og bryggjur, en hann hafði verið í niðurníðslu um árabíl eftir hrun Milljónafélagsins. Árið 1925 söðlaði Páll um og stofnaði sitt eigið togarafélag er nefnt var Fylkir og átti togarann Belgaum. Fyrir því var Páll framkvæmdastjóri til 1931. Miklar sviptingar urðu í togarautgerð á þessum árum og gjaldþrot tíð. Mun Páll ekki hafa farið varhluta af þeim erfiðleikum þó að aldrei yrði hann sjálfur gjaldþrota. Hann stofnaði enn eitt félag, Kóp hf., árið 1932 og rak það samnefndan togara til 1936. Jafnframt því að vera einn umsvifamesti togarautgerðarmaður landsins tók Páll Ólafsson virkan þátt í samtökum útvegsmanna, var meðal annars framkvæmdastjóri Félags íslenskra botnvörpuútgerðarmanna í átta ár.

Árið 1936 fluttist Páll til Kaupmannahafnar með fjölskyldu sína og rak þar umboðsverslun á árunum 1936 til 1939. Eftir það fór hann til Þórshafnar í Færeyjum og rak þar umboðs- og heildverslun. Á stríðsárunum stjórnaði Páll einnig í umboði færeyskra útgerðarmanna allt að þrjátíu færeyskum fiskiskipum í förum milli Íslands og Englands. Eftir stríð var hann viðriðinn útgerð við Grænland. Páll var skipaður ræðismaður Íslands í Færeyjum 1947. Eftir 1949 var hann að nokkru leyti búsettur í Kaupmannahöfn en fluttist á ný til Íslands 1962 og rak þar heildverslunina Pál Ólafsson & Co.

Páll Ólafsson kvæntist árið 1913 Hildi Stefánsdóttur (1893-1970), dóttur Stefáns Jónssonar prests á Auðkúlu í Austur-Húnavatnssýslu. Heimili þeirra á velmeiktardögum þeirra í Reykjavík var á Hólavöllum og síðan við Sólvallagötu. Þau hjón eignuðust fimm börn sem öll urðu kunn. Þau voru:

ÁBERANDI BÖRN

1. *Stefán Pálsson* (1915-1969) tannlæknir í Reykjavík. Hann var meðal annars formaður Þjóðvarnarfélags Reykjavíkur og í blaðstjórn Frjálsrar þjóðar. Stefán vakti þjóðarathygli árið 1959 fyrir góða frammistöðu í spurningaþætti Ríkisútvarpsins er hann svaraði spurningum um stjórnarbyltinguna miklu í



Ólöf Pálsdóttir og Sigurður Bjarnason

sendiherra ásamt börnum sínum Hildi Helgu, nú fréttaritara Ríkisútvarps, og Ólafi Páli.



Ólöf Pálsdóttir

myndhöggvari.



Dr. Jens Pálsson

mannfræðingur sem gerði meðal annars fjóldarannsóknir á Pingeyingum.

Frakklandi og hlaut verðlaun fyrir. Stefán var mikill bókasafnari og svo fjölfróður að í vínahópi var hann gjarnan kallaður *Stóra lexíkonid*. Ekkja hans er Guðný Krístrún Níelsdóttir af ætt Sveins Níelssonar (sjá HEIMSMYND, 9. tbl. 1989). Börn þeirra eru þrjú:

a. *Páll Ólafur Stefánsson* (f. 1942) flugstjóri í Reykjavík, kvæntur Halldóru Viktorsdóttur, framkvæmdastjóra Fróða hf. Dóttir hans fyrir hjónaband er *Guðný Pálsdóttir* (f. 1966) enskunemi við Háskólann en dóttir þeirra *Unnur Guðrún Pálsdóttir* (f. 1970) nemi.

b. *Soffía Stefánsdóttir* (f. 1945) kennari við Melaskólann í Reykjavík, gift Georg Ólafssyni verðlagsstjóra. Eldra barn þeirra er *Ólafur Georgsson* (f. 1967) flugnemi í Bandaríkjunum.

c. *Hildur Stefánsdóttir* (f. 1946) hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, gift Guðjóni Ólafssyni, fræðslufulltrúa í Reykjanesumdæmi. Elsta barn þeirra er *Gréta Guðjónsdóttir* (f. 1968) nemi.

2. *Ingibjörg Pálsdóttir* (f. 1916) listmálari í Reykjavík. Ekki hefur mikið borið á Ingibjörgu, miðað við yngri systur hennar, en hún þykir þó hæfileikarík listamaður. Sýning á verkum hennar var haldin fyrir fáeinum árum á Gallerí Borg. Hún giftist Pétri Eggerz sendiherra, síðast í Bonn í Vestur-Pýskalandi (sjá Gautlandaætt, HEIMSMYND, 10. tbl. 1989). Börn þeirra eru:

a. *Solveig Eggerz* (f. 1943) doktor í bókmenntum, háskólakennari í Washington, gift Allan C. Brownfield, lögfræðingur og blaðamanni.

b. *Páll Ólafur Eggerz* (f. 1951), doktor í raunvísindum, búsettur í München, kvæntur þýskri konu.

3. *Þorbjörg Pálsdóttir* (f. 1919) myndhöggvari í Reykjavík. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og hélt meðal annars einkasýningu á Kjarvalsstöðum fyrir fáeinum árum. Maður hennar er Andrés Ásmundsson læknir, sérfræðingur í skurðlækningum, kvensjúkdomum og fæðingarhjálp. Börn þeirra sem upp komust eru:

a. *Stefán Andrésen* (f. 1953, kjörsonur) kennari í Reykjavík, kvæntur Þórunni Andrésdóttur.

b. *Katrín Andrésdóttir* (f. 1953, kjördóttir) íþróttakennari, gift Gunnari Kristjánssyni bankamanni.

c. *Póra Andrésdóttir* (f. 1957) hjúkrunarfræðingur, gift Gunnari Roach.

d. *Andrés Narfi Andrésen* (f. 1958) arkitekt í Reykjavík.

e. *Þorbjörg Andrésdóttir* (1960-1981).

4. *Ólöf Pálsdóttir* (f. 1920) myndhöggvari í Reykjavík. Hún lærði myndlist í Kúnstakademíunni í Kaupmannahöfn og hlaut þar gullmedalíu 1957. Ólöf er einn af þekktustu myndlistarmönnum Íslendinga og hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar og tekið þátt í sýningum víða um lönd. Hún er heiðursfélagi í Konunglega breska myndhöggvarafélaginu. Maður Ólafar er Sigurður Bjarnason frá Vigur lögfræðingur. Hann var lengi þingmaður og ritstjóri Morgunblaðsins en síðar sendiherra í Kaupmannahöfn og London (sjá Heiðarætt, HEIMSMYND, 2. tbl. 1990). Börn þeirra eru:

a. *Hildur Helga Sigurðardóttir* (f. 1956) fréttaritari Ríkisútvarpsins í London, áður blaðamaður á Morgunblaðinu á árunum 1980 til 1985. Hildur Helga las sagnfræði í Cambridgeháskóla 1985 til 1988 en stundar nú framhaldsnám í menningar sögu í London ásamt fréttamenskunni.

b. *Ólafur Páll Sigurðsson* (f. 1960) skáld. Eftir hann hafa komið út *Múlbandamálið* (*Gögn*) árið 1983 og ljóðabókin *Steiktir svanir* 1989. Hann stundar nú háskólanám í London í bókmenntum og hugmyndasögu.

5. *Jens Ó. P. Pálsson* (f. 1926) mannfræðingur í Reykjavík. Hann nam mannfræði og fleiri greinar við Uppsalaháskóla í Svíþjóð, Harvard og Kaliforníuháskóla í Bandaríkjunum og Oxford á Englandi en lauk doktorsprófi í mannfræði frá Gutenbergháskóla í Vestur-Pýskalandi árið 1967. Dr. Jens var styrkþegi Alexander von Humboldt-stofnunarinnar í nokkur ár. Hann hefur framkvæmt mannfræðirannsóknir víða um heim og meðal annars á Íslendingum í samvinnu við erlendar stofnanir. Frægar urðu fjóldarannsóknir hans á Pingeyingum um árið. Jens er félagi í ýmsum erlendum vísindafélögum og var á sínum tíma kjörinn í heiðursfélag stúdenta í Kaliforníu og *Phi Beta Kappa* (eins þekktasta heiðursfélags bandarískra vísindamanna). Hann hefur verið forstöðumaður Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 1975. Kona hans er Anna Kandler mannfræðingur frá Mainz.

LÆKNIR Í AMERÍKU

Jón Ólafsson Foss (1888-1922) læknir, meðal annars á Svalbarða og síðast í Ameríku, var annað barn séra Ólafs og Ingibjargar í Hjarðarholti sem upp komst. Kona hans var Elísabet Lára Kristjánsdóttir kaupmaður í Reykjavík, eigandi Lífstykkiþjúbúðarinnar (sjá Gautlandaætt, HEIMSMYND, 10. tbl. 1989). Dóttir þeirra:



Kristín Ólafsdóttir

læknir og eiginmaður hennar Vilmundur Jónsson landlæknir. Hún settist fyrst íslenskra kvenna við Háskóla Íslands.

1. *Áslaug Foss* (f. 1913). Fyrri maður hennar var James Poulton auglýsingastjóri í London en sá seinni Asbjörn Gis-holt aðstoðarofursti í Osló. Börn hennar:

a. *Hilmar Foss Poulton* skipstjóri í Perth í Ástralíu, kvæntur June Poulton hjúkrunarfræðingi.

b. *David Poulton* verslunarmaður í Osló.

c. *Edda Gisholt* hjúkrunarfræðingur í Noregi, gift Rüber fylkislækni.

d. *Per Gisholt* skrifstofumaður í Osló.

FYRSTI KVENLÆKNIRINN

Kristín Ólafsdóttir (1889-1971) var þriðja barn prestshjón-anna í Hjarðarholti. Hún fór menntavegin sem ekki var algengt um stúlkur í hennar tíð. Hún lauk prófi í læknisfræði 1917, fyrst íslenskra kvenna við Háskóla Íslands. Hún settist að á Ísafirði 1917 og var þar aðstoðarsjúkrahúslæknir, en eftir 1931 var hún starfandi læknir í Reykjavík. Hún var meðal annars í skólanefnd Húsmæðraskólans í Reykjavík og sat í barnaverndarnefnd. Kristín samdi bækur um heilsu- og mannelisfræði og þýddi allmargar bækur, meðal annars skáldsögur og ævisögur merkra manna. Benedikt Tómasson læknir sagði um Kristínu að hún hefði verið „birg af klökkvalausri mannúð, kjarkmikil og sköruleg í orðum og fasi, glaðleg og kunní vel spaugi“.

VILMUNDARVITID

Maður Kristínar var sá landsfrægi Vilmundur Jónsson landlæknir. Hann var framan af starfsævi sinni héraðslæknir og sjúkrahúslæknir á Ísafirði og gerðist jafnframt einn helsti leiðtogi jafnaðarmanna á staðnum. Vilmundur var flugmælskur, mikill áróðursmeistari, kappsfullur og harðfylginn. Hann átti mestan þátt í því ásamt Finni Jónssyni að Alþýðuflokkurinn fékk hreinan meirihluta í bæjarstjórn þar árið 1921 og hélt honum um langt árabil. Gerðist Ísafjörður á þeim tíma eins konar fyrirmyndarþær jafnaðarmannskunnar og var Vilmundur hugmyndafræðingur kratanna. Þar var þá meðal annars reist sjúkrahús undir forystu hans sem var eitt hið glæsilegasta og stærsta á landinu. Sjálfur sat Vilmundur í bæjarstjórn Ísafjarðar 1922 til 1931.

Árið 1931 var Vilmundur í embætti landlæknis að undirlagi Jónasar frá Hriflu og var það umdeild veiting enda Vilmundur kjörinn á þing sama ár og stóð um hann mikill styr. Hann var landlæknir í nær þrjá áratugi og samdi eða endursamdi þá



Séra Björn Stefánsson,

eiginmaður Guðrúnar Sigríðar Ólafsdóttur, sem lést 1918, með börnum sínum Ólafi prófessor og dætrunum Þorbjörgu, Ingibjörgu og Ásthildi, ekkju Steins Steinarr.



Vilmundur Gylfason

(1948-1983) einn sérstæðasti stjórnmalamaður Íslendinga á sínum stutta ferli.

mestalla heilbrigðislöggjöf landsins og setti manna mest mark á þróun heilbrigðismála á Íslandi eins og þau hafa verið undanfarin sextíu ár. Innan um voru djarfleg nýmæli, svo sem í fóstureyðingarlögunum frá 1935 og lögum um afkynjanir og vananir frá 1938. Þó að flestar úrbætur, sem Vilmundur gekkst fyrir, væru samkvæmt nýjustu þekkingu og sumar á undan sinni samtíð var hann íhaldssamur og sérvitur embættismaður. Gætt var ítrustu sparsemi í hvívetna og tók hann til dæmis þann sið upp eftir Bretum að nota gömul umslög en notuð frímerki voru seld og andvirðið lagt við skrifstofuféð. Þá hafnaði Vilmundur greiðslum fyrir nefndastörf eða kleip sjálfur af þeim. Lysir þetta sterkri sómatilfinningu Vilmundar, heiðarleika hans og festu.

Þingmaður var Vilmundur fyrir Ísafjarðarkaupstað á árunum 1931 til 1933 og fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu 1933 til 1934 og aftur 1937 til 1941. Hann var áhrifamikill leiðtogi á þessum árum og mun hafa verið einn aðalhöfundur og hugmyndafræðingur að *stjórn hinna vinnandi stétta* sem sat að völdum frá 1934 til 1938. Þó að Vilmundur Jónsson væri virðulegur og hátt settur embættismaður voru margir helstu vinir hans í hópi bóhema og listamanna. Þannig voru þeir Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness meðal skjólstaðinga hans og þeir dvöldu hjá honum löngum á Ísafirði og töldu hann einkavin sinn enda kemur hann víða fyrir í ritum þeirra. Halldór Laxness sagði um samræðusnilli Vilmundar:

„Vilmundur var ævinlega uppfullur af skringilegum furðusögum og óskiljanlegum undrum, og varði slíkar sögur af mikilli málafylgju, enda voru þær gersamlega pottþéttar að öðru leyti en því að þær stríddu á móti öllum þektum náttúrulög- málum; hann iðaði í skinninu af hlátri þegar menn voru að reyna að afsanna sögurnar með rökum; sjálfur var hann allra manna slýngastur í kappræðu en annars þúra rasjónalisti.“

Sjálfur var Vilmundur einn frjóasti orðasmiður þjóðarinnar og skrifaði mikið, einkum þó um læknisfræði og sögu hennar. Árið 1985 kom út í tveimur þykkum bindum ritgerðasafn Vilmundar sem ber nafnið *Með hug og orði*.

GUÐRÚN OG GYLFI Þ.

Kristín Ólafsdóttir og Vilmundur Jónsson eignuðust þrjú börn. Þau eru:

1. *Guðrún Vilmundardóttir* (f. 1918), kona Gylfa Þ. Gíslasonar, prófessors í hagfræði. Hann lauk prófi frá háskólanum í Frankfurt am Main 1939 og varð doktor við sama skóla 1954.



Ólöf Vilmundardóttir

og maður hennar Þorsteinn Ólafsson tannlæknir sem er látinn.

Hann var orð- og prófessor og liðsmaður og þing 1946 og

Gylfi er einn af börnum Vilmundar og var um áratugi menntamálaráðgjafi Alþýðuflokksins og helsti mótdandi kom á í efnahagsráðum og eftir eignuðust þrjú

ÞRÍR ÞJÓÐ

a. *Þorsteinn*

BA-prófi frá framhaldsnámsháskólu Íslands og varð tannlæknir við Háskóla Íslands. Eftir Þorsteinn var einkum á sér kveða um hefur hann skilið efnis sem vakið

b. *Vilmundur*

sérstæðasti stjórnmálamaður tókst þá að hafa og siðbótahugmyndir barn og unglings baldinn svo að staðreynd að þá

því. Að loknu lauk magistersgráðu lét hann strax skrágerðarmannastærðis kennandi auk þess skipti af stjórn Alþýðuflokksins meginmennskan lokaða fjölmörgu arfenin og einn á kant við fórn málum og ein



Ólöf Vilmundardóttir

og maður hennar Þorsteinn Ólafsson tannlæknir sem er látinn.

Þórhallur Vilmundarson

prófessor.

Ólafur Björnsson,

bóndi í Brautarholti, með börnum sínum og konu sinnar Ástu Ólafsdóttur. Vinstra megin við hann er Jón, nú bóndi í Brautarholti, en hægra megin er Ólafur landlæknir. Í aftari röð eru Páll, nú bóndi í Brautarholti, Ingibjörg og Bjarni, sem dó 1948.

Ólafur Björnsson og Ásthildur

systir hans á unga aldri.

na mest mark
afa verið und-
eli, svo sem í
afkynjanir og
m Vilmundur
u og sumar á
vitur embætt-
g tók hann til
ul umslög en
skrifstofuféð.
örf eða kleip
u Vilmundar,

Hann var orðinn dósent við Háskólann aðeins 23 ára gamall og prófessor 29 ára. Eins og tengdafaðir hans gerðist hann liðsmaður og leiðtogi Alþýðuflokksins og var fyrst kjörinn á þing 1946 og sat þar samfellt í 32 ár.

Gylfi er einn af þekktustu Íslendingum, sem nú eru uppi, og var um áratugaskeið í fremstu röð stjórnmálamanna. Hann var menntamála- og viðskiptaráðherra 1956 til 1971 og formaður Alþýðuflokksins 1968 til 1974. Gylfi Þ. Gíslason var einn helsti mótandi viðreisnarstjórnarinnar og umbótanna sem hún kom á í efnahagsmálum. Hann hefur setið í ótal nefndum og ráðum og eftir hann liggja fjölmörg rit. Þau Guðrún og Gylfi eignuðust þrjá syni sem allir urðu þjóðkunnir. Þeir eru:

ÞRÍR ÞJÓÐKUNNIR SYNIR

a. *Þorsteinn Gylfason* (f. 1942) heimspekingur. Hann lauk BA-prófi frá Harvard í Bandaríkjunum og stundaði síðan framhaldsnám í Oxford og München. Hann hefur verið kennari við Háskóla Íslands frá 1971 og er nú prófessor við hann. Eftir Þorstein liggja ýmis rit og ritgerðir og fjölmargar þýðingar, einkum á sviði heimspeki. Þá hefur hann stundum látið að sér kveða um hugmyndafræði stjórnmála og síðastliðið sumar hefur hann skrifað nokkrar greinar í Morgunblaðið um þau efni sem vakið hafa mikla athygli og sterk viðbrögð.

b. *Vilmundur Gylfason* (1948-1983) ráðherra. Hann var einn sérstæðasti stjórnmálamaður landsins á sínum stutta ferli og tókst þá að hrista svo upp í fólki með frumlegum skoðunum og síðbótahugmyndum að enginn var ósnortinn eftir. Sem barn og unglingur fékk Vilmundur orð fyrir að vera ódæll og baldinn svo að sögur um hann flugu um allan bæ og átti sú staðreynd að hann var ráðherrasonur að sjálfsögðu sinn þátt í því.

Að loknu stúdentsprófi hélt Vilmundur til Bretlands og lauk magistersprófi í sagnfræði 1973. Eftir að hann kom heim lét hann strax að sér kveða sem harðskeyttur blaða- og dag-skrárgerðarmaður með nýjar hugmyndir um fjölmiðlu en kenndi auk þess við Menntaskólann í Reykjavík. Hann hóf afskipti af stjórnmálum árið 1974 er hann var í framboði fyrir Alþýðuflokkinn á Vestfjörðum, í öðru sæti. Hann taldi þó megineinkenni íslenskra stjórnmála vera ónýtt flokkakerfi og lokaða fjölmiðlu og var hvergi deigur við að ráðast á spillingarfeni og einstaka menn. Lenti hann meðal annars mjög upp á kant við forystumenn Framsóknarflokksins út af ýmsum málum og einnig réðst hann hart á dómskerfið. Hann var

krossfari nýrra hugmynda og sumir sögðu að hann væri með *Messíasarkomplex*.

Árið 1978 var Vilmundur í framboði fyrir Alþýðuflokkinn í Reykjavík og fór ótroðnar leiðir sem fyrr. Vann Alþýðuflokkurinn þá sinn stærsta sigur eftir stríð og þökkðu margir Vilmundi þann árangur. Eftir kosningar einangraðist Vilmundur þó í flokki sínum og mynduð var samsteypustjórn sem honum var ekki að skapi. Þegar hún sprakk eftir skamma setu tók við völdum minnihlutastjórn Alþýðuflokks um hríð (1979-1980) og varð Vilmundur þá dóms- og menntamálaráðherra, aðeins 31 árs gamall. Eftir 1980 var hann engu að síður einfari í þingflokki Alþýðuflokks. Sumarið 1981 lenti hann í svokallaðri Alþýðublaðsdeilu og í kjölfar hennar tók hann ásamt nánustu samstarfsmönnum sínum að gefa út blaðið *Nýtt land*. Það var upphafið að úrsögn hans úr Alþýðuflokknum og stofnun nýs stjórnmálaflokks, Bandalags jafnaðarmanna, sem leit dagsins ljós veturinn 1982 til 1983. Fékk það fjóra þingmenn í kosningunum þá um vorið. Úrslitin urðu Vilmundi þó mikil vonbrigði. Hann vildi breyta íslensku þjóðfélagi en til þess taldi hann fjóra þingmenn ná helsti skammt. Um sumarið var hann allur.

Kona Vilmundar var Valgerður Bjarnadóttir, dóttir Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra (sjá Engeyjarætt, HEIMSMYND, 2. tbl. 1989) og sagði Vilmundur stundum í gamni að hann væri í senn sonur og tengdasonur viðreisnar. Þau eignuðust fimm börn en misstu þrjú þeirra.

c. *Þorvaldur Gylfason* (f. 1951) er yngsti sonur Guðrúnar Vilmundardóttur og Gylfa Þ. Gíslasonar. Hann er doktor í hagfræði frá Princetownháskóla í Bandaríkjunum og starfaði síðan erlendis allt til 1983, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington og við Alþjóðahagfræðistofnunina í Stokkhólmi. Síðan hann kom heim hefur hann verið prófessor í þjóðhagfræði við Háskóla Íslands og er jafnan tekið vel eftir skoðunum hans þegar hann lætur þær í ljós opinberlega. Hann þykir frumlegur gáfumaður eins og hann á kyn til. Þorvaldur var giftur Önnu Bjarnadóttur, systur Valgerðar, konu Vilmundar, en þau eru skilin. Seinni kona hans er Anna Bjarnadóttir kennari

YNGRI BÖRN KRISTÍNAR

2. *Ólöf Vilmundardóttir* (f. 1920) er miðbarn Kristínar Ólafsdóttur og Vilmundar landlæknis. Hún er ekkja Þorsteins Ólafssonar tannlæknis í Reykjavík. Börn þeirra eru:

Framhald á bls. 100

ppstað á árun-
933 til 1934 og
í á þessum ár-
ugmyndafræð-
d völdum frá
virðulegur og
eir hans í hópi
gur Þórðarson
g þeir dvöldu
avin sinn enda
Laxness sagði

ilegum furðu-
sögur af mik-
léttar að öðru
m náttúrufræð-
menn voru að
var hann allra
sjónalisti.“

ur þjóðarinnar
sögu hennar.
gerðasafn Vil-

ignuðust þrjú

ylfa Þ. Gísla-
á háskólanum
na skóla 1954.

Gáfumannaætt. . .

framhald af bls. 87

a. *Ólafur Þorsteinsson* (f. 1948) viðskiptafræðingur í Reykjavík. Hann var skrifstofustjóri og síðar deildarstjóri hjá Innkaupastofnun ríkisins 1977 til 1987 en er nú skrifstofustjóri Krabbameinsfélags Íslands. Kona hans er Helga Jónsdóttir, íslenskufraeðingur og starfsmaður við Orðabók Háskólans.

b. *Kristín Þorsteinsdóttir* (f. 1955) cand. mag., fréttamaður við Ríkisútvarpið – sjónvarp. Maður hennar er Skafti Jónsson, áður blaðamaður og kaupmaður, nú aðstoðarframkvæmdastjóri Rauðakross Íslands.

3. *Þórhallur Vilmundarson* (f. 1924) prófessor er yngstur barna Kristínar og Vilmundar. Hann er cand. mag. í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands og kenndi við Menntaskólann í Reykjavík á árunum 1951 til 1960. Þórhallur varð prófessor í sögu við Háskóla Íslands 1961 og frá 1969 hefur hann veitt forstöðu Örnefnastofnun Þjóðminjasafns. Eftir Þórhall liggja nokkur rit og ritgerðir en þekktastur er hann fyrir örnefnarannsóknir sínar. Hann flutti fyrirlestra um svokallaða náttúrunafnakenningu á árunum 1966 til 1973 sem vöktu gríðarlega athygli og náði hann því þá meðal annars að fylla Háskólabíó hvað eftir annað og mun það einsdæmi um fræðimann. Þórhallur hefur setið í nýyrðanefnd og síðan málnefnd um áratugaskeið enda orðhagur eins og faðir hans. Hann er og formaður örnefnanefndar. Á sjötta áratugnum lét Þórhallur stjórnsmál allmjög til sín taka og var einn af stofnendum Þjóðvarnarflokksins sem barðist gegn hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi. Hann þótti áróðursmaður snjall en nokkuð sérvitur og er hvort tveggja ættarfylgja. Kona hans er Ragnheiður Torfadóttir menntaskólakennari. Börn þeirra eru:

a. *Guðrún Þórhallsdóttir* (f. 1961) málvísindamaður, við doktorsnám við Cornellháskóla í Bandaríkjunum.

b. *Torfi Þórhallsson* (f. 1964) rafmagnsverkfræðingur, í framhaldsnámi í Pýskalandi.

c. *Helga Þórhallsdóttir* (f. 1968) nemi í byggingaverkfræði.

ÓLAFUR BJÖRNSSON PRÓFESSOR OG SYSTUR HANS

Guðrún Sigríður Ólafsdóttir (1890-1918) var fjórða barn prestshjónanna í Hjarðarholti. Hún giftist séra Birni Stefánssyni prófasti, en hann var bróðir Hildar, konu Páls, bróður hennar. Séra Björn var prestur á ýmsum stöðum meðan Guðrúnar Sigríðar naut við en hún dó kornung. Einnig var hann kennari einn vetur í Hjarðarholtsskóla hjá tengdaföður sínum. Börn þeirra voru:

1. *Ólafur Björnsson* (f. 1912) prófessor. Hann lauk kandidatsprófi í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1938 þar sem hann þótti afburða námsmaður. Hann var dósent í hagfræði við Háskóla Íslands 1942 en prófessor á árunum 1948 til 1982. Líkt og Gylfi P. Gíslason var hann mjög virkur í stjórnámum en skipaði sér undir merki Sjálfstæðisflokksins. Hann var landskjörinn alþingismaður 1956 til 1959 en síðan þingmaður Reykvíkinga til 1971. Hann var formaður bankaráðs Útvegsbankans um tólf ára skeið og átti sæti í mörgum nefndum og ráðum. Hann var ásamt Benjamín Eiríkssyni efnahagsráðgjafi viðreisnarstjórnarinnar og því einn af helstu höfundum þeirrar róttæku nýsköpunar í efnahags- og atvinnumálum sem hún beitti sér fyrir. Ólafur hefur verið ötull málsvari frjálsra viðskiptahátta hér á landi um áratugaskeið og nýtur mikillar virðingar. Eftir hann liggja þekkt fræðirit og kennslubækur. Þingferli Ólafs lauk nokkuð snögglega þegar prófkjör komu til sögu. Hann hafði ekki lag á að auglýsa sig eins og aðrir frambjóðendur og féll því út. Kona Ólafs er Guðrún Ara-dóttir. Synir þeirra eru:

a. *Ari Helgi Ólafsson* (f. 1946) læknir á Akureyri, kvæntur Þorbjörgu Þórisdóttur hjúkrunarfræðingi.

b. *Björn Gunnar Ólafsson* (f. 1949) þjóðfélagsfræðingur í Reykjavík, kvæntur Helgu Finnsdóttur.

c. *Örnólfur Jónas Ólafsson* (f. 1951) kerfisfræðingur í Reykjavík.

2. *Ingibjörg Björnsdóttir* (1914-1977), gift Þórarni Sigmundssyni, mjólkurfræðingur og bónda í Glóru í Hraungerðishreppi. Börn þeirra:

a. *Guðrún S. Þórarinsdóttir* (f. 1941) kennari á Selfossi, gift Guðna Alfreðssyni, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands. Synir þeirra yfir tvítugt eru *Þórarinn Guðnason* (f. 1964) læknanemi og *Hrafnkell Guðnason* (f. 1967) bóndi í Glóru.

b. *Björn Þórarinsson* (f. 1943) skólastjóri Tónlistarskólans á Laugum, kvæntur Sigríði Birnu Guðjónsdóttur. Börn hans yfir tvítugt eru *Steinunn Eva Björnsdóttir* (f. 1964) kennari á Selfossi, gift Ottó Val Ólafssyni húsasmið, *Haldóra Rósa Björnsdóttir* (f. 1966) leiklistarnemi í Reykjavík og *Ingibjörg Björnsdóttir* (f. 1967) bankamaður í Reykjavík, í sambúð með Gunnari Þór Gunnarssyni húsasmið.

c. *Kristín Þórarinsdóttir* (f. 1945) fjár-

málastjóri Fjölbrautaskóla Suðurlands, gift Garðari H. Gunnarssyni skrifstofustjóra. Börn þeirra eru *Ingibjörg Þóra Garðarsdóttir* (f. 1963) kennari á Selfossi, *Gunnar Garðarsson* (f. 1964) mælingamaður á Selfossi, *Adalsteinn Garðarsson* (f. 1965) kerfisfræðingur á Selfossi og *Ásthildur Kristín Garðarsdóttir* (f. 1967), í sambúð með Þór Valdimarsyni húsasmíðanema á Selfossi.

d. *Ólafur Þórarinnsson* (f. 1950) bóndi og tónlistarmaður í Glóru. Hann hefur verið í helstu popphljómsveitum á Suðurlandi um langt árabíll og rekur nú meðal annars hljóðver í Glóru.

3. *Þorbjörg Björnsdóttir* (f. 1915) starfsmaður Landsbankans í Reykjavík.

4. *Ásthildur Kristín Björnsdóttir* (f. 1917), lengi starfsmaður Hagstofu Íslands. Hún er ekkja Steins Steinarr, eins helsta og mest lesna ljóðskálds Íslendinga á þessari öld, og voru þau barnlaus.

BRAUTARHOLTSFÓLKID

Ásta Ólafsdóttir (1892-1985) húsfreyja í Brautarholti á Kjalarnesi var yngsta barn þeirra séra Ólafs og Ingibjargar í Hjarðarholti. Á yngri árum var hún stöð og stytta foreldra sinna í sambandi við skólalahl í Hjarðarholti og kenndi sjálf söng og hannyrdir. Ásta giftist Ólafi Bjarnasyni frá Steinnesi í Húnavatnssýslu. Hann var búfræðingur að mennt og var fyrst bóndi á Akri fyrir norðan. Hann keypti Brautarholtið árið 1925 af Páli, mági sínum, og séra Ólafi, tengdaböndur sínum, gerði það eitt af stærstu búum landsins og varð vinsell og vel metinn bændahöfðingi syðra. Hann var í hreppsnefnd Kjalarneshrepps 1925 til 1958, oddviti í tólf ár og hreppstjóri í 38 ár. Margs konar trúnaðarstörf hlóðust á

hann og meðal annars var hann um hríð formaður stjórnar Mjólkurfélags Reykjavíkur. Börn þeirra eru:

1. *Bjarni Ólafsson* (1926-1948)

2. *Ingibjörg Ólafsdóttir* (f. 1927) hjúkrunarfræðingur, kona Gunnars Sigurðssonar byggingaverkfræðings í Reykjavík. Gunnar hefur lengst af starfað hjá Reykjavíkurborg og hefur verið byggingafulltrúi borgarinnar frá 1973. Börn þeirra eru:

a. *Ásta Gunnarsdóttir* (f. 1954) kennari í Reykjavík, gift Birni Reyni Friðgeirssyni, starfsmanni Vátryggingafélags Íslands.

b. *Sigurður Bjarni Gunnarsson* (f. 1962) aðstoðarmaður í hjúkrun.

3. *Ólafur Ólafsson* (f. 1928) landlæknir. Hann lauk læknisprófi frá Háskóla Íslands 1957 og stundaði síðan framhaldsnám í Danmörku, Svíþjóð og London. Hann er viðurkenndur sérfræðingur í lyflækni- og hjartasjúkdómum og embættislækningum. Hann var yfirlæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1967 til 1972 og gat sér þar slíkt orð að hann var skipaður landlæknir árið 1972 og hefur gegnt því embætti síðan. Ólafur er að ýmsu leyti óvenjulegur embættismaður, talar yfirleitt ekki neina tæpitungu eða stofnanamál eins og margir embættismenn gera. Til þess að staðna ekki hleypur hann í það öðru hverju að gegna héraðslæknisstörfum um tíma og þá einkum í afskekktum héruðum sem erfitt er að manna. Kona hans er Inga Marianne Falck hjúkrunarfræðingur frá Svíþjóð. Þau eiga fimm börn en fyrir átti Ólafur tvo syni. Börnin eru:

a. *Svavar Lárus Ólafsson* (f. 1955) verslunarmaður í Reykjavík, kvæntur Þorkötu Valdimarsdóttur bankagjaldkera.

b. *Ólafur Ólafsson* (f. 1957) héraðsdómari á Akureyri.

c. *Ásta Sólveig Ólafsdóttir* (f. 1960) hjúkrunarfræðingur, í framhaldsnámi í Svíþjóð, í sambúð með Ágúst Kárasyni vélamanni.

d. *Ingibjörg Ólafsdóttir* (f. 1964) hjúkrunarfræðinemi.

e. *Bjarni Ólafur Ólafsson* (f. 1965) lögreglumaður.

f. *Páll Ólafsson* (f. 1968) laganemi.

g. *Gunnar Alexander Ólafsson* (f. 1969) nemi.

4. *Páll Ólafsson* (f. 1930) bóndi og búfræðingur í Brautarholti. Hann stofnaði graskögglaferksmiðju í Brautarholti ásamt Jóni bróður sínum árið 1963 og hefur rekið hana síðan. Hann hefur tekið mikinn þátt í félagsmálum bænda, verið formaður Búnaðarsambands Kjalarnesþings og tók við hreppstjóraembætti að föður sínum látnum. Kona hans er Sigríður Kristjana Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur. Börn þeirra, komin yfir tvíttugt, eru:

a. *Guðrún Pálsdóttir* (f. 1963) lyfjafræðingur í Reykjavík, í sambúð með Stefáni Hilmarsyni, löggiltum endurskodanda.

b. *Ásta Pálsdóttir* (f. 1965) nemi í Reykjavík, í sambúð með Gunnari Páli Pálssyni viðskiptafræðingi.

c. *Pórdís Pálsdóttir* (f. 1968) nemi.

d. *Ingibjörg Pálsdóttir* (f. 1969) nemi.

5. *Jón Ólafsson* (f. 1932) bóndi í Brautarholti. Hann er oddviti sveitar sinnar og hefur verið potturinn og pannan í öllum helstu framkvæmdum á Kjalarnesi undanfarin ár. Kona hans er Auður Kristinsdóttir. Börn þeirra yfir tvíttugt eru:

a. *Ólafur Jónsson* (f. 1961) svínabóndi í Brautarholti.

b. *Kristinn Gylfi Jónsson* (f. 1963) viðskiptafræðinemi, í sambúð með Helgu Guðrúnu Johnson, fréttamanni á Stöð 2 (sjá Johnsonættina, HEIMSMYND, 5. tbl. 1989).

c. *Björn Jónsson* (f. 1965), búfræðingur og svínabóndi í Brautarholti.

d. *Jón Bjarni Jónsson* (f. 1967) búfræðingur.

e. *Emilía Björg Jónsdóttir* (f. 1970) enskunemi við Háskóla Íslands. □